




# Áveitan

4. tbl. 13. árgangur. Apríl 2019



## Þáskabingó!

Nú er komið að hinu árlega þáskabingói Umf. Þjótanda. Gleðin fer fram mánudaginn 15. apríl, **kl 19:30 í Þingborg** og verða glæsileg páskaegg í vinning fyrir heppna einstaklinga. Spjaldið kostar 500 kr. Sjoppa 10. bekkjar verður á staðnum. Hlökkum til að sjá ykkur.

Skemmtinefnd Umf. Þjótanda

## Víðavangshlaup á sumardaginn fyrsta!

Nú stýttist í sumarið með hverjum deginum og sumardaginn fyrsta sömuleiðis en hann er 25. apríl að þessu sinni.

Að venju fögnum við sumri með því að hlaupa víðavangshlaup á Þjórsárbökkum. Upphafspunktur hlaupsins er við afleggjarann að Árprýði og er það um einn kílómetri að lengd. Hlaupið er ræst kl 11:00 en skráning hefst kl 10:30. Við mælum með því að fólk komi tímanlega til að skrá sig svo hlaupið geti farið af stað á réttum tíma.

Fyrsta kona og fyrsti karl í mark fá farandgripi en að auki fá allir þátttakendur verðlaunapening. Svaladrykkir verða í boði ungmennafélagsins. Hlaupið er ætlað öllum aldurshópum og aðal atriðið að vera með.

Við hvetjum því alla fjölskylduna til þess að fjölmenna í hlaupið og hrista af sér vetrarslenið.

Umf. Þjótandi

## Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Fanney Ólafsdóttir	fanneyo80@gmail.com	892-4155
Bryndís Eva Óskarsdóttir	bryndisevao@gmail.com	846-7188
Hallfríður Ósk Aðalsteinsd.	halla@floahreppur.is	845-9719
Ellen Bachman Lúðvíksd.	ellenbach@simnet.is	616-1588

## Frá sveitarstjóra

Kæru íbúar og aðrir lesendur

Jafndægur á vori eru liðin og dagurinn er orðinn lengri en nóttin. Nú styttest óðum í fyrstu tengingar hjá Flóaljósi. Gert er ráð fyrir að tengimiðjan verði tilbúin fyrir miðjan maí og þá er um leið kominn möguleiki á að opna á um 60% af öllum áætluðum tengingum í sveitarfélaginu. Við viljum minna þá íbúa á sem eiga eftir **greiða tengigjaldið** að greiðslur vegna þess þurfa að hafa borist **áður** en lokið verður við frágang á inntaksbúnað og opnað á viðskipti við fjarskiptafyrirtæki.

Í maíhefti Áveitunnar mun verða tímasettur íbúafundur með fjarskiptafyrirtækum sem verður gefinn kostur á að kynna sig og þær áskriftarleiðir sem bjóðast. Markmiðið er að sá fundur verði búinn fyrir 20. maí.

## Umhverfissuðurland/Hreinsunarátak í Flóahreppi

Árlegt hreinsunarátak í Flóahreppi verður í maí eins og undanfarin ár við stefnum á að sveitin sé komin í sparifötin fyrir hátíðina „Fjör í Flóa“. Timbur og járnagámar verða á söfnunarsvæðum dagana 17.–24. maí. Á sama tíma verður hægt að fá gáma heim á bæi fyrir endurvinnslu efni ef um mikið magn er að ræða. Athugið að alltaf er gerð krafa um flokkun. Minni ykkur svo á starfsstöð ÍGF á Selfossi sem tekur á móti endurvinnslu efni og úrgangi frá íbúum í Flóahreppi á auglýstum opnunartíma.

## Vinnuskóli Flóahrepps

Vinnuskóli Flóahrepps verður með svipuðu sniði og undanfarin ár. Vinnuskólinn stendur yfir í 7 vikur frá 11. júní –26. júlí en gert er ráð fyrir að hver og einn taki viku frí í samræði við flokksstjóra. Nemendur 7. bekkjar sem búsettir eru í Flóahreppi eiga möguleika á að fá vinnu í vinnuskólanum í 2 vikur á þessu tímabili. Umsóknareyðublöð er að finna á heimasíðu

Flóahrepps og á skrifstofu Flóahrepps. Athugið að foreldri/forráðamaður þarf að skrifa undir umsóknina.

### **Menningarstyrkur Flóahrepps**

Minnt er á að skilafrestur vegna Menningarstyrks Flóahrepps er **15. apríl**.

Við sendum ykkur bestu óskir um gleðilegra páskahátíð.

Eydis Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri Flóahrepps

### **Ertu að leita að skemmtilegu starfi í sumar?**

Sumarstarf og útivera í fallegu umhverfi

### **Flokksstjóri og aðstoðarflokksstjórar í vinnuskóla Flóahrepps**

Flóahreppur óskar eftir að ráða flokksstjóra og aðstoðarflokksstjóra í vinnuskóla Flóahrepps. Leitað er að öflugum einstaklingum sem eiga auðvelt með samskipti og hafa gaman af því að starfa með unglingum og ungmennum. Leitað er að einum yfirflokksstjóra og tveimur aðstoðarmönnum. Flokksstjórnir vinna að skipulagi starfsins með umsjónarmanni fasteigna og starfa með húsvörðum í fasteignum sveitarfélagsins. Umsóknir um starfið ásamt sakavottorði berist skrifstofu Flóahrepps Þingborg 801 Selfoss eða á netfangið [floahreppur@floahreppur.is](mailto:floahreppur@floahreppur.is) fyrir 15. apríl n.k.

Nánari upplýsingar í síma 480 4370 eða hjá umsjónarmanni fasteigna Brynjari Jóni Stefánssyni [brynjar@floahreppur.is](mailto:brynjar@floahreppur.is) og í síma 898 2554.

### **Aðalfundur Nautgripæræktarfélags Flóamanna**

Aðalfundur Nautgripæræktarfélags Flóamanna verður haldinn mánudaginn 15. apríl í Félagslundi og hefst kl. 13:00. Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf auk þess sem Guðmundur Jóhannesson ráðunautur mun fara yfir kynbótastarfið og niðurstöður skýrsluhaldsins.

Allir áhugamenn um nautgripærækt velkomnir.

Stjórnin

## Glimufréttir

### Gott gengi á Grunnskólamóti Íslands

Grunnskólamót Íslands í glímu var haldið á Hvolsvelli 16. mars. Flóaskóli og Þjótandi áttu þar hóp öflugra keppenda sem stóðu sig mjög vel og náði meðal annars í þrjá grunnskólameistaratitla.

<b>5. bekkur stelpur</b>	<b>3 keppendur</b>	<b>vinn.</b>	
1.-2. Ásrún Júlía Hansdóttir		3+0,5	Grunnskólameistari
<b>5. bekkur stráka</b>	<b>4 keppendur</b>		
3. David Örn Aitken Sævarsson		1	
<b>6. bekkur stráka minni</b>	<b>4 keppendur</b>		
3. Arnór Leví Sigmarsson		1+1	
<b>6. bekkur stráka stærri</b>	<b>4 keppendur</b>		
3. Óskar Freyr Sigurðsson		1	
<b>6. bekkur stelpna minni</b>	<b>4 keppendur</b>		
4. Kamilla Hafðís Ketel		0,5	
<b>6. bekkur stelpna stærri</b>	<b>4 keppendur</b>		
4. Ásdís Eva Magnúsdóttir		0	
<b>7. bekkur stráka</b>	<b>4 keppendur</b>		
1. Andreas Haraldur Ketel		3	Grunnskólameistari
<b>7. bekkur stelpna</b>	<b>5 keppendur</b>		
4. Melkorka Álfðís Hjartardóttir		1	
<b>8. bekkur stelpna</b>	<b>5 keppendur</b>		
1. Erlín Katla Hansdóttir		2	Grunnskólameistari

### Marín Laufey önnur á Íslandsglímunni

Íslandsglíman fór fram í Hafnarfirði laugardaginn 23. mars. Marín Laufey Davíðsdóttir Umf. Þjótanda keppti í sex kvenna flokki og hafnaði í öðru sæti eftir úrslitaglímu við Jönu Lind Ellertsdóttur HSK. Marín Laufey hlaut fegurðarglímuverðlaun kvenna á mótinu en þau verðlaun eru veitt þeim glímumanni sem þykir bera af öðrum hvað varðar glímufærni samkvæmt mati dómnefndar.

### Glímuæfingum að ljúka

Glímustarfi vetrarins er að ljúka hjá Umf. Þjótanda. Mikil og góð þátttaka hefur verið á æfingum í vetur og oftast hafa verið milli 15 til 20 krakkar á hverri æfingu. **Síðasta æfing vetrarins verður haldin þriðjudagskvöldið 16. apríl** og hefst hún hálf tíma fyrir en venjulega kl. 19:30. Þá ætla krakkarnir að sýna afrakstur vetrarins með léttri glímusýningu. Foreldrum og öðrum er velkomið að koma fylgjast með sýningunni. Að sýninginni lokinni er hugmyndin að bjóða upp á veitingar og stingum við upp á að foreldrar komi með eitthvert léttmeti heimanað á sameiginlegt hlaðborð.

## Flóahlaupið 6. apríl

41. Flóahlaupið fer fram við Félagslund laugardaginn 6. apríl. Flóahlaupið hefur verið haldið árlega frá árinu 1979 svo hlaupið fagnar 40 ára afmæli í ár. Flóahlaupið hefur breyst töluvert í gegnum tíðina en fyrstu árin hófst hlaupið og endaði á hlaðinu í Vorsabæ en þegar hlaupið stækkaði þurfti að færa hlaupið að Félagslund. Í fyrsta hlaupinu voru 10 keppendur en flestir hafa keppendur verið á annað hundrað. Haldið hefur verið í þá hefð að bjóða uppá kökuhlaðborð að hlaupi loknu og verður enginn svikinn af því.

Hlaupið hefst kl 13:00 við Félagslund. Boðið verður uppá í 3 km skemmtiskokk þar sem allir þátttakendur fá verðlaun fyrir þátttöku auk þess sem keppt verður til verðlauna í eftirfarandi vegalengdum og flokkum: 3km hlaupi pilta og stúlkna 14 ára og yngri, 5 km opnum flokki karla og kvenna og 10 km hlaupi kvenna 39 ára og yngri, 40-49 ára og 50 ára og eldri. 10 km hlaupi karla 39 ára og yngri, 40-49 ára, 50-59 ára, 60-69 ára og 70 ára eldri.

Skráningargjald 1.500 kr fyrir 14 ára og yngri og 3000 kr fyrir 15 ára og eldri. Forskráning í hlaupið fer fram á hlaup.is gegn lægra gjaldi en einnig er hægt að skrá sig á staðnum. Ath. að greiða verður með peningum, enginn posi á staðnum. Innifalið í skráningargjaldinu er glæsilegt kaffihlaðborð að hlaupi loknu. Aðrir gestir geta keypt sér kaffi á 1000 kr. **Félagar í Umf. Þjótanda sem greiddu árgjöld fyrir síðasta ár fá frítt í hlaupið.**

Allir áhugsamir eru hvattir til að koma og taka þátt í þessu skemmtilega hlaupi, einnig er öll aðstoð við framkvæmdina vel þegin.

Stjórn Umf. Þjótanda

## Pistillinn

Ekki datt mér það nú í hug, fyrir 3 árum að ég ætti eftir að skrifa í fréttabréf Flóamanna. En svo er nú raunin vegna áskorunar frá nábúa mínum, fyrrverandi þingmanni og stórbónda honum Halla á Urriðafossi.

Það var nú að vísu fyrir um 13 árum síðan að ætlunin var að koma hingað með fjölskylduna alla leið yfir Hellisheiðina, en það varð að bíða til ársins 2016 þegar við sáum þennan landskika til sölu. Landið var virkilega heillandi og fullt að berjalyngi og fallegu umhverfi allt um kring, að við stóðumst ekki mátið og keyptum hér landið með einu fallegasta útsýni sem um getur. Ekki amalegt að geta séð Vestmannaeyjar, Eyjafjallajökul, Mýrdalsjökul, Tindafellsjökul, Heklu og fleiri fallega staði. Þetta hefur heillað alla þá sem komið hafa í heimsókn til okkar frá höfuðborgarsvæðinu og einnig þá bændur sem litið hafa inn til okkar.

Ég tel mig heppinn að hafa getað komið hingað þó ekki væri nema fyrir nábúana sem hér eru og hafa tekið okkur hjónum mjög vel og vilja allt fyrir okkur nýbúana gera. Það er nefnilega svo að þegar til allra framkvæmda kemur þarf að fá hin ýmsu leyfi til að hægt sé að gera sér sitt heimili. Ekki stóð á vegagerðini að koma með smá “vesen“ ( eflaust réttilega ) þegar ég kynnti fyrir þeim vegaspottan af Urriðafossvegi og inn á landið. Þannig að leitað var leiða til næstu nábúa, höfðingja mikinn sem ber nafnið Einar og var þá hæstráðandi á Urriðafossi, sem ég hafði aldrei hitt né séð. Þar á bæ var ekki til það vandamál sem ekki væri hægt að leysa. Þvílíkar móttökur og greiðsemi sem þessi maður ætlaði að inna af hendi í minn garð, er ekki til í sögubókum og á ég honum allar mínar bestu þakkir.

Við vorum varla flutt þegar við fórum á okkar fyrsta Þorrablót sveitungana, og var þar gleðskapur mikill og nándin milli bænda eftirtektarverð. Fljótlega eftir bárust okkur það til eyrna að búið var að koma okkur hjónum í næstu þorrablótsnefnd. Það að hafa fengið að taka þátt í þessum skemmtilegu og mannþætandi æfingum fyrir síðasta Þorrablót, sér maður vel hverlags „sveppa“ vini maður hefur eignast á þessum stutta tíma. Vil ég þakka fyrir allar þær góðu móttökur og þann vinskap sem svifur hér um í sveitinni.

En það sem fleiri nýbúar eru hér nálægt skora ég nú á vinn minn hann Högna á Egilsstaðatjörn til að fara með nokkur vel valin orð í næsta pistli.

Andri á Lynghæð.

## Þriggja félag kvöldvaka kvenfélaganna í Flóahreppi:

### Sleifin



Kvenfélag Villingaholtshrepps býður nágrannafélögum sínum í gamla Gaulverjabæjarhreppi og Hraungerðishreppi til kvöldvöku og skemmtunar þriðjudagskvöldið 30. apríl nk, að þessu sinni í **Félagsheimilinu Þingborg**. Húsið opnar kl 20 og dagskráin hefst kl 20:30.

Sitthvað verður til skemmtunar og veitingar af léttara tagi. Allar kvenfélagskonur velkomnar og endilega takið með ykkur sem flesta gesti. Allar konur hjartanlega velkomnar.

Kvenfélag Villingaholtshrepps

### Frá Hrossaræktarfélagi Flóahrepps:

#### Vísindaferð

Við ætlum í vísindaferð um Rangárþing laugardaginn 13. apríl næstkomandi. Farið verður á nokkur valinn hrossaræktarbýli þar sem við munum kynna okkur starfsemi þeirra.

Lagt verður upp frá N1 á Selfossi kl. 09:40, þaðan verður farið í Félagslund, Flóaskóla og endað í Þingborg eins og þarf. Verð fyrir rútu er 3000 krónur á mann. Skrá þarf sig í ferðina hjá Atla Geir 898-2256 eða netfangið [atligeir@hive.is](mailto:atligeir@hive.is), Ágústi Inga í síma 899-5494 eða á netfangið [agustk@visir.is](mailto:agustk@visir.is) í seinasta lagi miðvikudaginn 10. apríl. Þegar þið skráið ykkur endilega takið fram hvar þið viljið koma í rútna. Við munum svo stoppa einhversstaðar á vel völdum stað til að borða hádegismat sem hver greiðir fyrir sig.

Áætluð heimkoma verður um kl. 17:30 fyrir þá sem þurfa að komast í mjaltir.

Kveðja, stjórn Hrossaræktarfélags Flóahrepps

## Flóaskólatíðindi

Skólastarf í Flóaskóla hefur verið líflegt síðustu vikurnar og auk þess nokkuð um óvænta atburði sem við höfum þurft að bregðast við. Í lok síðasta árs komu í ljós rakaskemmdir og mygla í elsta húsnæði skólans. Efla verkfræðistofa gerði úttekt á húsnæðinu sem staðfesti að í kjallara elsta hluta skólahúsnæðis leyndist raki og mygluskemmdir. Einnig var staðfest að raki væri í Skólatröð, húsnæði frístundaheimilisins. Ekki reyndust rakaskemmdir í öðrum byggingum skólans. Við brugðumst strax við með því að loka gömlu bygginguna af og flytja starfsmannaádstöðu og frístundaheimili inn í skólahúsnæðið. Allir starfsmenn lögðust á eitt við að koma öllu sem best fyrir í því húsnæði sem við höfum og er skólastarf komið í fastar skorður aftur þó heldur þrengra sé um okkur. Við leggjum ríka áherslu á að tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi fyrir nemendur og starfsfólk og vinna allir sem einn maður að því að allt gangi vel og börnunum líði vel í skólanum.

Heilmikið hefur verið um uppbrot undanfarnar vikur. Nemendur í 9. og 10. bekk fóru í starfskynningar á Selfossi og nágrenni auk þess sem nokkrir fóru í fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu. Foreldravika var dagana 18. - 22. febrúar. Foreldrar voru hvattir til að heimsækja börn sín í skólann og lesa upp úr uppáhalds barnabókum sínum. Opið hús var fimmtudaginn 21. febrúar þar sem nemendur á eldra stigi kynntu skólann og ýmis verkefni sem þau hafa verið að vinna að. Nemendur í 10. bekk voru með kaffihús þar sem þau seldu vöflur og annað góðgæti til fjáröflunar fyrir útskriftarferð. Það var ánægjulegt hvað margir foreldrar og aðrir aðstandendur sáu sér fært að koma og heimsækja okkur. Þökkum ykkur öllum fyrir komuna og hlökkum til að sjá ykkur í opnu húsi á næsta ári. Vikuna enduðum við svo á því að vera með forval fyrir Stóru upplestarkeppnina þar sem valdir voru tveir fulltrúar nemenda í 7. bekk til að keppa fyrir hönd skólans. Það voru þær Árdís Eva Birgisdóttir og Þórunn Sturludóttir sem fengu það hlutverk. Aðal keppnin fyrir okkar svæði fór svo fram á Laugarvatni 26. mars þar sem voru samankomnir fulltrúar Kerhólsskóla, skólanna á Laugarvatni og í Reykholti, Þjórarskóla, Flúðaskóla og að sjálfsgöðu Flóaskóla og stóðu allir nemendur sig með miklum glæsibrag. Í fyrsta sæti varð Árdís Eva í Flóaskóla og óskum við henni hjartanlega til hamingju.

Á öskudaginn mættu nemendur í fjölbreyttum búningum og sáust hinar ýmsu kynjaverur á gangi hér í skólanum. Nemendur á yngra stigi slógu köttinn úr tunnunni við mikinn fögnuð og héldu svo heilmikla öskudagsgleði í Þjórarsarveri við leik og dans. Eldri nemendur héldu hefðbundum skóladegi en



enduðu á spurningakeppni áður en haldið var heim á leið kl. 12.30. Nemendur í 7. Bekk fóru dagana 18. – 22. mars í skólabúðir á Reykjum í Hrútafirði og var mikil ánægja meðal nemenda með þá ferð. Einnig hafa nemendur farið í dagsferðir til Reykjavíkur til að taka þátt í vísindsmiðju Háskóla Íslands og Íslandsmóti iðn- og tæknigreina þar sem nemendum gafst kostur á að kynna sér nám og störf á því sviði.

Nemendur í Flóaskóla hafa undanfarin ár tekið þátt í Skólahreysti og er jafnan mikill metnaður í undirbúningi fyrir þá keppni. Hópur nemenda hefur undirbúið keppnina með markvissum æfingum einu sinni í viku frá því í september. Keppnin fór fram 27. mars og kepptu Arndís Ólafsdóttir, Elías Örn Jónsson, Sara Ægisdóttir og Unnsteinn Reynisson fyrir hönd skólans. Stuðningsliðið fór á kostum og hvatti sitt lið af miklum krafti. Liðið lenti í öðru sæti og óskum við þeim til hamingju með glæsilegan árangur.

Árshátíð nemenda á yngra stigi var haldin með miklum glæsibrag þar sem nemendur sýndu leikritið Ronja ræningjadóttir. Ánægja og stolt foreldra og annarra aðstandenda sem sáu sýninguna leyndi sér ekki og komu vel í ljós miklir leikhæfileikar sem við fáum vonandi notið enn frekar í framtíðinni á þorralblótum og öðrum uppákomum hér í sveit.

Íbúafundur Flóaskóla verður haldinn 9. apríl næst komandi. Þar mun Sylgja Sigurjónsdóttir sérfæðingur hjá Eflu verkfræðistofu fjalla um raka- og mygluskemmdir í húsnæði og hugsanleg áhrif þess á heilsufar fólks. Erindið hefst kl. 20.00 og hvetjum við foreldra og aðra íbúa í Flóahrepp að mæta og kynna sér málefnið.

Skólakveðja frá starfsfólki og nemendum Flóaskóla.

### **Aðalfundur Flóakorns**

Flóakorn ehf. heldur aðalfund sinn miðvikudaginn 17. apríl í fjóssalnum á Stóra Ármóti kl. 20:30. Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf. Hluthafar eru sérstaklega hvattir til að mæta en allir áhugamenn um kornrækt velkomnir.

Stjórnin

**Til sölu 2 hlutir í Flóakorni ehf.  
Einnig 800 lítra mjólkurtankur.  
Sími 4863392 Lilja**

## UPPSKRIFT A HORNID

Þar sem að ég er ný farinn að hafa góðan aðgang að nautakjöti þá langar mig að deila með ykkur uppskrift sem er í miklu uppáhaldi núna.

### Nautakjöt í ostrusósu

400g nautagúllas

1/2 blaðlaukur

1 rauðlaukur

½ paprika

2 gulrætur

3 dl ostrusósa

4 dl vatn

4 tsk sykur

½ tsk salt

¼ tsk pipar

1 tsk kjötkraftur

3 msk sósujafnari eða 5 tsk maismjöl úti örlítið kalt vatn

1 lítill kínakálshaus

Skerið allt grænmetið í strimla og setjið það í skál.

Skerið kjötið í þunna litla bita og hraðsteikið á vel heitri pönnu. Svo sett til hliðar.

Setjið lauka og gulrætur á pönnuna með olíu, hitið vel en ekki brúna. Bætið svo rest af grænmetinu úti og hitið meir. Svo sett til hliðar.

Hellið ostrusósu, vatni og kryddi saman í pott og látið suðuna koma upp.

Þykkið lögin með sósujafnarana þangað til að þetta er orðið eins og þunn sósa. Þegar sósan er klár þá setja kjöt og grænmeti úti og hitað upp.

Þetta borið fram með hrisgjónum og brauði.

Gott brauð með væri **Naan brauð**, þessi uppskrift er skotheld og geri ég oft þrefalda uppskrift. Steiki þá allt brauðið, set það sem á að borða í ofnin en hitt í frysti, gott að gripa svo í það seinna meir.

3/4 bolli c.a. 160ml volg mjólk- 2 tsk sykur og 2 tsk þurrger bætt við og látið hefast í 10-15mín á volgum stað.

450g hveiti

1 tsk lyftiduft

½ tsk salt

½ tsk túrmerik

½ tsk oregano

½ tsk hvítlauksduft blandað vel saman við mjókur/gerblönduna.

170 ml hrein jógúrt

2 msk olía

Hrært/hnoðað ekki of mikið, látið hefast í 30 mín á volgum stað.

Létt hnoðað og skipt í c.a. 10 bollur sem eru flattar út með fingrunum (ekki

nota kökukefli) og steikt á þurri pönnu. (hálfbakað) gott að henda í frystinn

núna það sem á ekki að borða það skiptið. Klára að baka svo brauðin í

ofninum, 200°C í 2-5 mín. Svo smurt með hvítlaukssmjöri og stráð salti yfir.

Skora á góða vinkonu hana Árný Ilse í Oddgeirshólum að koma með næstu uppskrift.

Bryndís Eva í Dalbæ

### **Aðalfundarboð**

Aðalfundur Skógræktarfélagsins Samhygðar verður haldinn, á loftinu í Félagslundi, fimmtudagskvöldið 11. apríl n.k. og hefst kl. 21:00.

Dagskrá fundarins:

Venjuleg aðalfundarstörf, önnur mál.

Nýir félagar boðnir velkomnir.

Stjórnin

**Aðalfundur Sauðfjarræktarfélags Gaulverjabæjarhrepps verður haldinn mánudagskvöldið 8. apríl kl. 20.00 í Félagslundi Almenn aðalfundarstörf og verðlaunaafhendingar.**

**Stjórnin.**

**Framræsingar**

**Fyllingar**

**Upphreinsanir**

**Efnisflutningar**

**Ýmis önnur jarðvinna**

**Fossandi ehf. S:895-3437**

## Íþróttafréttir

6 krakkar úr Þjótanda kepptu í liði HSK á **Meistaramót Íslands 11-14 ára** í Laugardalshöllinni í febrúar.

Guðrún Ásta Ægisdóttir	'05	60m hlaup	9,80 sek	41. Sæti
		Langstökk	2,82m	30. Sæti
		Kúlúv.(3kg)	5,82m	21. Sæti
Svandís A. Sævarsdóttir	'07	60m hlaup	9,91 sek	23. Sæti
		600m hlaup	2:18,66 min	12. Sæti
		Hástökk	1,22m	8. Sæti
		Langstökk	3,60m	15. Sæti
David Ö. A. Sævarsson	'08	60m hlaup	10,76 sek	20. Sæti
		600m hlaup	2:16,76 min	10. sæti
		Hástökk	1,12m	7.-8. Sæti
		Langstökk	2,70m	24. Sæti
		Kúlúv.(2kg)	4,70m	22. Sæti
Helgi Reynisson	'08	60m hlaup	10,11 sek	13. Sæti
		600m hlaup	2:22,24 min	14. Sæti
		Hástökk	1,12m	10. Sæti
		Langstökk	3,87m	5. Sæti
		Kúlúv.(2kg)	5,80m	15. Sæti
Sigurjón Reynisson	'05	60m hlaup	9,00 sek	15. Sæti
		600m hlaup	1:52,75 min	7. Sæti
		60m gr.(84 cm)	12,21 sek	9. Sæti
		Hástökk	1,27m	12. Sæti
		Langstökk	4,41m	6. Sæti
		Kúlúv.(4kg)	6,59m	18. Sæti
Viðar Hrafn Victorsson	'06	60m hlaup	9,27 sek	9. Sæti
		60m gr(76,2cm)	12,55 sek	5. Sæti
		Hástökk	1,22m	5.-9. Sæti

Sigurjón Reynisson keppti í **Bikarkeppni FRÍ 15 ára og yngri** þann 3. mars í Kaplakrika. Hann keppti í B-liði HSK. Hér má sjá árangurinn hans:

1500m hlaup 5:29,45 min 5. sæti

Flottur hópur frá Þjótanda tók þátt í **Héraðsleikum HSK** sem fór fram á Hvolsvelli þann 10. mars. Krakkar á aldrinu 9-10 ára kepptu í hinum ýmsu greinum á meðan 8 ára og yngri tóku þátt í þrautabraut.

Ásta Björg Jónsdóttir	'10	30m hlaup	6,5 sek	10-12. sæti
		Langst.án.atr.	1,35 m	12. sæti
		Kúlúv.(2kg)	3,58m	9. sæti
		Skutlukast	5,56m	8. sæti
Bjarki Rafn Reynisson	'10	30m hlaup	5,2 sek	1. sæti
		Langst.án.atr.	1,72m	3. sæti

		Kúluv.(2kg)	6,23m	1. sæti
		Skutlukast	10,06m	3. sæti
Björgvin G. Sigurðsson	'09	Hástökk	0,80m	6. sæti
		Langst.án.atr.	1,51m	7. sæti
		Kúluv.(2kg)	5,20	5. sæti
Garðar Þór Jónsson	'10	30m hlaup	6,2 sek	6. sæti
		Langst.án.atr.	1,53m	8. sæti
		Kúluv.(2kg)	5,08m	5. sæti
		Skutlukast	9,75m	5. sæti
Guðni Bóas Davíðsson	'10	30m hlaup	5,9 sek	4. sæti
		Langst.án.atr.	1,65m	4. sæti
		Kúluv.(2kg)	4,74m	6. sæti
		Skutlukast	9,91m	4. sæti
Hugrún S. Guðjónsdóttir	'09	30m hlaup	9,9 sek	9. sæti
		Hástökk	0,90m	9. sæti
		Langst.án.atr.	1,76m	5. sæti
		Kúluv.(2kg)	6,30m	1. sæti
Kári Einarsson	'10	30m hlaup	5,7 sek	3. sæti
		Langst.án.atr.	1,76m	2. sæti
		Kúluv.(2kg)	5,58m	3. sæti
		Skutlukast	14,79m	1. sæti
Kristófer M. Andrason	'10	30m hlaup	5,6 sek	2. sæti
		Langst.án.atr.	1,55m	6. sæti
		Kúluv.(2kg)	5,11m	4. sæti
		Skutlukast	11,88m	2. sæti
Rán Ægisdóttir	'10	30m hlaup	5,9 sek	2. sæti
		Langst.án.atr.	1,69m	1. sæti
		Kúluv.(2kg)	3,84m	4. sæti
		Skutlukast	6,15m	6. sæti

Eftirfarandi krakkar tóku þátt í þrautabraut 8 ára og yngri og stóðu sig frábærlega:

Axel Örn A. Sævarsson	'11
Bergþóra D. Þórbergisdóttir	'11
Egill Ingi N. Jakobsson	'11
Gísli Svavar Sigurðsson	'11
Ronja Sif Magnúsdóttir	'11
Guðbjörg E. Annýjardóttir	'12
Ottó Ingi Annýjarson	'12
Lilja María Axelsdóttir	'12

*Myndir frá mótinu má sjá á facebooksíðu Þjótanda*

## Fréttir frá Krakkaborg



Í leikskólanum Krakkaborg eru þrjár deildir. Yngstu nemendur hefja nám á Lóudeild, Ugludeild er miðdeild leikskólans og elstu nemendur eru á Krummadeild. Mikið samstarf er á milli deilda. Einn liður í samstarfinu er að vikulega er haft Flæði. Þá hefur starfsfólk, oft í samráði við nemendur, stillt upp efnivið og leikefni á öllum deildum og svo er opið á milli þannig að hver og einn, eða vinir saman, geta gengið um og valið sér viðfangsefni. Sumir verða niðursokknir í verk sín og aðrir vilja stoppa stutt við og skoða víða. Yngstu nemendur njóta góðs af leikni þeirra eldri, eldri njóta þess að láta til sín taka og starfsfólk nýtur þess að hitta samstarfsfólk af öðrum deildum. Svo þegar kemur að því að nemendur fari á eldri deild eru þeir búnir að kynna deildinni vel, eldri nemendum og öllu starfsfólki.

Forráðamenn barna sem munu óska eftir dvöl í Krakkaborg er bent á að sækja tímanlega um á heimasíðu skólans til að tryggja vistun að hausti.

Í Krakkaborg er mikið lesið á öllum deildum og reynir starfsfólk að halda vörð um þá bókamenningu sem ríkir. Bækur eru fjársjóður og menningararfur sem mikilvægt er að kenna börnum að virða og þykja vænt um. Bækur eru líka mikilvæg kennslugögn sem nýta má í tengslum við allt sem fjallað er um með nemendum, árið um kring. Leikskólinn býr nokkuð vel að Disneybókum og harðspjaldabókum en ef einhverjir velviljaðir leikskólanum luma á vel með fönnum barnabókum öðrum sem gætu gagnast nemendum Krakkaborgar yrðum við óskaplega þakklát.

Við þökkum heilshugar fyrir veturinn sem er að líða og sendum öllum innilegar óskir um gæfuríkt sumar og gleðilega páska!

Bestu kveðjur, nemendur og starfsfólk Krakkaborgar

### Messur í apríl

- \* 18. apríl, skírdagur. Fermingarmessa í Laugardælakirkju kl. 13:30. Prestur Axel Árnason Njarðvík.
- \* 21. apríl, páskadagur. Hátíðarmessa í Villingaholtskirkju kl. 11:00. Prestur Guðbjörg Arnardóttir
- \* 22. apríl, annar páskadagur. Hátíðarmessa í Hraungerðiskirkju kl. 11:00. Prestur Guðbjörg Arnardóttir

## Hegðunarviðmið Umf. Þjótanda

### Fyrir stjórnarmenn og starfsmenn

1. Stattu vörð um grunnildi íþróttahreyfingarinnar.
2. Stattu vörð um anda og gildi félagsins og sjáðu um að hvort tveggja lifi áfram meðal félagsmanna.
3. Komdu fram við alla félagsmenn sem jafningja, óháð kyni, trúarbrögðum, stjórnmalaskoðunum, litarhætti og kynhneigð.
4. Stuðlaðu að jöfnum tækifærum allra til þátttöku innan félagsins.
5. Vertu til fyrirmyndar í framkomu, bæði innan félags og utan.
6. Leystu ágreining og árekstra á sanngjarnan hátt og til samræmis við reglur og venjur.
7. Hafðu lýðræðisleg vinnubrögð í heiðri.
8. Taktu alvarlega þá ábyrgð sem þú hefur gagnvart félaginu og iðkendum.
9. Hafðu ávallt í huga að í félaginu er verið að byggja upp fólk.
10. Rektu félagið ávallt eftir löglegum og ábatasömum reikningsaðferðum.
11. Misnotaðu aldrei aðstöðu þína til að koma eigin hagsmunum á framfæri á kostnað félagsins.
12. Haltu félagsmönnum vel upplýstum og gerðu félagsmenn að þátttakendum í ákvarðanatöku eins og hægt er.

### Búnaðarfélag Gaulverja -aðalfundur

Aðalfundur Búnaðarfélags Gaulverja verður haldinn miðvikudagskvöldið 10. apríl í Félagslundi og hefst kl. 20:30. Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf. Félagar eru hvattir til að mæta og taka þátt í að móta starfsemi félagsins.

Stjórnin



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160

# FJÖR Í FLÓA

24. og 25. maí 2019

## Lumar þú á :

Smáum eða stórum dýrum?

Gömlum landbúnaðartækjum eða dráttarvélum?

Fallegu handverki?

Afurðum beint frá býli?

Skemmtilegum hugmyndum ?

Langar þig að hafa opið hús ?

Hlökkum til að heyra frá þér

Halla S: 862-6445

Rúnar S: 898-1535

Sigrún S: 862-1574

## **Dagskrá mánaðarins**

Glímuæfing	2. apríl
Æfingar í Þingborg	3. apríl
Flóahlaupið	6. apríl
Aðalfundur Sauðfjárræktarfélags Gaulverja	8. apríl
Íbúafundur í Flóaskóla kl 20:00	9. apríl
Glímuæfing	9. apríl
Æfingar í Þingborg	10. apríl
Aðalfundur Búnaðarfélags Gaulverja	10. apríl
Aðalfundur Skógræktarfélagsins Samhygðar	11. apríl
Vísindaferð hrossaræktarfélagsins	13. apríl
Páskabingó Umf. Þjótanda	15. apríl
Aðalfundur Nautgriparæktarfélags Flóamanna	15. apríl
Síðasta glímuæfingin	16. apríl
Aðalfundur Flóakorns ehf.	17. apríl
Feringarmessa í Laugadælakirkju	18. apríl
Hátíðarmessa í Villingaholtskirkju	21. apríl
Hátíðarmessa í Hraungerðiskirkju	22. apríl
Æfingar í Þingborg	24. apríl
Víðavangshlaupið	25. apríl
Sleifin í Þingborg	30. apríl